Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs Kópavogsbæjar

Kópavogi, 27. febrúar 2024
24021308/301.00 JVK

Efni: Tillaga að stofnun starfshóps - húsnæðisstefna Kópavogs

Lagt er til við bæjarráð að stofnaður verði starfshópur með það hlutverk að gera húsnæðisstefnu fyrir Kópavogsbæ. Lagt er til hópurinn verði skipaður bæjarfulltrúum, fjórum frá meirihluta og fjórum frá minnihluta. Lagt er til að bæjarstjóri verði einn af fjórum fulltrúum meirihluta og fari með formennsku hópsins og tvöfalt atkvæðavægi. Aukinheldur er lagt til að starfsmaður stjórnsýslu Kópavogsbæjar verði starfsmaður hópsins.

**Greinargerð:**
Þann 24. júlí 2014 samþykkti bæjarráð Kópavogs að stofna starfshóp sem hefði það hlutverk að fara yfir stöðu húsnæðismarkaðarins og m.a. skoða fyrirkomulag fjármögnunar til kaupa á eigin húsnæði og uppbyggingu og stöðu á leigumarkaðinum. Það er ljóst að á því tíu ára tímabili sem liðið hefur frá vinnu starfshópsins hefur margt breyst á íbúðamarkaði auk þess sem fjöldi íbúa í sveitarfélaginu er kominn yfir 40.000. Ljóst er að leita þarf leiða til að bregðast við þeirri stöðu sem upp er komin.

Virðingarfyllst,

____________________________

Ásdís Kristjánsdóttir
bæjarstjóri

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026